


Guðrún Kristín Magnúsdóttir



..svo saklaus.

**Í mjúku myrkri
búa draumarnir**

Í MJÚKU MYRKRI BÚA DRAUMARNIR

Kolgríma
svo góð
svo saklaus



hún sér aðeins fegurð
svo grimmd veraldar snertir hana ekki

ISBN 978-9979-895-10-7

Freyjukettir Norræn menning

freyjukettir@mmedia.is

4.útgáfa 2016

Leikrit, byggt á þessari sögu var flutt í Ríkisútvarpinu

í desember 1987 og endurflutt í janúar 1988;

leikgerð og frumflutt frumsamin tónlist höfundar,

Guðrúnar Kristínar Magnúsdóttur;

leikstjóri Karl Ágúst Úlfsson.

Á Hljóðbókasafni Blindravinafélagsins er þessi

leikgerð til.

Þessi saga er fylfull

þunguð

hún gengur með ófullburða smásögur

smásagnafóstur:

DISKURINN

RYKSUGAN Á FULLU

JEDÚDDAMÍA

STEINN

Í MJÚKU MYRKRI

BLINDI DRENGURINN

1.

Líf Kolgrímu, draumur, sem býr í mjúku myrkri.

- Og Kolgríma, sem er svo góð, svo hrekklaus, svo barnaleg.

Kolgríma er enginn fábjáni, eins og margir vilja halda fram. Alls ekki. Þvert á móti; hún er nokkuð greind á sviðum. Hún er bara, ja, bara þínulítið skrýtin stundum.

Allt var þetta út af þessu asnalega veðmáli þeirra Gulla og Steins, unglingsstráka, þar sem þeir sátu og djúsuðu niðri í lúkar á báti við bryggjuna í litlu sjávarþorpi, þar sem allir þekkja alla.

Steinn greinilega slompaður. Það heyrðist á mæli hans:

-Já, Gulli kallinn. Við höfum nú kannski brasað of mikið, ha?

Við hefðum kannski ekki átt að læsa sýslumanninn inni á klósetti á sínum tíma, ha?

Gulli skellihló: -Grunurinn féll á Palla greyið þá, maður.

Gulla var mikið skemmt þegar honum varð hugsað til þessa prakkarastriks.

-Það var nú meira uppistandið. Djös maður.

Steinn: -Meira?

Gulli var til í að drekka meira, og Steinn horfði hýrum augum á flöskuna.

Gulli: -Hvar fékkstu þetta? Steinn.

Hvar náðirðu í þetta?

Steinn: -Hvað? Brennivínið?

Gulli: -Ekki þó

Gulli skellti aftur uppúr.

Steinn: -Hva, bragðast það ekki vel?

Þú heldur kjafti, gamli.

-Auðvitað held ég kjafti, sagði Gulli, og hvolfdi í sig.

Við erum vinir, Steinn minn, ha?

Sko - erum við góðir vinir?

Við erum stundum sol'dið vondir, en samt erum við vinir, Ha? Erum við þá ekki vondir vinir?

En samt erum við góðir vinir, ekki satt, ha?

Við erum sko góðir vinir og vondir vinir, ekki satt?

-Það varð eitthvert djöfuls vesen út af þessari talstöð, hvíslaði Steinn, graf-alvarlegur.

-Seldirðu hana? spurði Gull

-Nei ég þorði það ekki, svaraði Steinn.

-Ætli ég verði ekki að setja hana í sjóinn svo lítið beri á.

-Töluðu þeir við múttu kellinguna?

-Mamma vissi ekkert, sagði Steinn.

-Ég ætla að fara héðan, Gulli, -- fara svo enginn viti.

Stinga af, Gulli.

Þú segir engum fyrr en ég er farinn.

Kem mér á stóran dall og fer út í heim.

Ég ætla ekki að mygla hér í þessu djöls krummaskuði allt mitt líf.

Gulli: -Eru að meina þetta?

Án þess að mútta viti? Þú hlýtur að segja henni það.

Annars setur hún í útvarpið að þú sért týndur; lætur hjálparsveit leita að þér. Allir

halda að þú hafir orðið geggjaður og hoppað í sjóinn. Nei djók. Við erum vinir, Steinn.
Er þér fúlasta ...?
Hvað heldurðu að gellurnar í pleisinu segi, maður?!! Aðaltöffarasjarmörinn stunginn af, ha?

Gulli vissi eiginlega ekki hvort hann átti að hlæja eða gráta, en sagði í uppgerðarlegum hálfkæringi, til að láta ekki á því bera að hann á erfitt með að hugsa sér lífið án Steins: -Ég fer þá kannski að hafa sjens, ha?

Lét tóninn ín röddinni virka einsog: gott að vera laus við þig, gott að fá ekki lengur óhagstæðan samanburð við þig, en hann talaði þvert um geð. Í raun var þetta áfall, -- og svo var hann fullur að auki, og áföll eru sko áföll þegar maður er íði. Enginn hemill á tilfinningalifinu.

Steinn: -Stelpurnar.

Það er alls staðar hægt að ná sér í belg.
-Þær falla allar kylliflatar fyrir þér, Steinn sagði Gulli. -Ef við værum ekki svona góðir vinir -- eða erum við vondir vinir? -- væri ég sko afbrýðisamur út í þig, drengdjöfull!
-Ha Ha Ha. Segir hver? svaraði Steinn með uppgerðarhlátri. -Engillinn, ha?
Það er víst ekki þér að þakka að þú átt ekki krakka í hverju horni.

-Gellur passa sig, svaraði Gulli.

-Skál. Heyrðu, Steinn. Af hverju þarftu aldrei að hafa neitt fyrir þessu?

Af hverju -- heyrðu -- heldurðu að þú getir ekki bara lagt hverja sem er?

Steinn: -Jújújújú. Þetta er ekkert mál, Gulli minn.

Þetta er bara spurningin um að kunna á þeim lagið.

Gulli: -Viltu veðja?

Steinn: -Veðja?

Gulli: -Heldurðu að þú getir fengið hverja sem er?

Steinn: -Jájájájá. Ekkert mál.

Gulli: -Viltu veðja?

Steinn: -Jájájájá. Ekkert mál.

Gulli: -Ókei. Hverju viltu veðja?

Steinn: -Við veðjum bara - - - einni viskí.

Það verður kveðjuskálin okkar, Gulli töff.

Stútum einni áður en ég fer -- sting af.

Helvítis hallærispleis.

Gulli: -Ég má velja hana.

Steinn: -Ja, sko ekki prestfrúna og svoleiðis neitt, sko.

Gulli: -Neineineinei. Bara þæju.

Þú færð viskí.

Ekkert mál, sagðirðu.

Steinn: -Eina viskí.

Gulli: -Látum okkur nú sjá.

Gefmér meira svo ég geti hugsað skýrt.

Steinn: -Ertu eitthvað lengi að hugsa, maður.

Úrvalið er nú ekki svo ofboðslega mikið.

Gulli að hugsa, maður !!

Það kemur nú ekki oft fyrir. Gaman að sjá þig hugsa!

Gulli: -Kolgrímu. ---

Stríðnislegt glott færðist yfir andlitið á Gulla.

Steinn reyndi að hlæja líka. En brosið varð að grettu.

-Nei, Gulli. Kolgrímu! Ekki Kolgrímu, hálfvitinn þinn.

Þú sagðir þæju!

Ertu vitlaus? -- Kolgrímu !

Hún er holgóma! - Hreyfihömluð, svona: vöv vöv vöv....

Steinn blakaði til höndum, hermdi eftir göngulagi Kolgrímu.

-Nei, Gulli. Nú ertu að djóka.

Ekkert svona sko.

Gulli: -Ég mátti velja.

Við erum vinir.

Veðmál.

Ég redda flösku.

Steinn: -Já, en sko -- þú lofaðir þæju.

Ertu svona vondur vinur, helvítið þitt.

Gulli: -Stór brjóst, ha?

Títa þínu lítið, þínu títu lítið?

Afmeyja einu sinni, ha? - annað er flöskur.

Steinn: -Nei, ekki Kolgrímu, drengdjöfull.

Gulli: -Þú veðjaðir.

Við svíkjum ekki hvor annan, þótt við svíkjum allt og alla, vinur.

Súptu á.

Hún er mjúk.

Stóra viskí, ha?

--

Gulli varð allt í einu alvarlegur:

-Heyrðu, Steinn. Þú ætlar ekki að stinga af í alvöru, er það?

Steinn: -Þú ert ómögulegur, Gulli. Ég kála þér.

Auðvitað fer ég, ekki til andskotans heldur frá andskotanum.

Þeir stimpuðust hlæjandi, þótt ekki sé mikið pláss fyrir bægslagang í lúkar á báti.

Þeir hafa verið vinir -- vondir vinir -- frá því að þeir muna eftir sér.

Gulli æpti, þegar hann var hálfpartinn orðinn afvelta og undir:

-Hei !!! Það er Kolgríma en ekki ég sem þú átt að taka

2.

Það var rok þegar Steinn og Gulli sáu Kolgrímu niðri við bryggju nokkru seinna. Hún var á leið onúr Þorgrímshúsi inn í þorp með egg fyrir mömmu sína.

-Svaka bobbingar, maður, sagði Gulli, og skaust bak við næsta vegg og hvarf -- kvikindislega hlæjandi.

Steinn plataði Kolgrímu út í bát, bátinn sem hann var á um sumarið. Sagðist þurfa að tala aðeins við hana.

-Ég má ekki slæpast, sagði Kolgríma. -Ég þarf að fara með eggin.

Bátarnir rugguðu við bryggjur.

Landgangurinn var brattur því það var fjara.

-Við verðum enga stund, Kolgríma!

Ég skal halda á pokanum með eggjunum.

-Það þarf að fara varlega með egg. Þau eru brothætt, sagði Kolgríma.

Steinn hélt á eggjunum niður brattan landganginn, og leiddi -- eða hálf togaði -- Kolgrímu með sér.

-Það er fjara, sagði Kolgríma. -Land-

gangurinn er brattur þegar er fjara.
-Já, svaraði Steinn. -Það er fjara,
landgangurinn er brattur, og egg eru
brothætt.

Komdu inn í hlýjuna.

Þetta er nú meira rokið, maður!

Fallegar á þér flétturnar, Kolgríma, sagði
Steinn þegar þau komu niður í lúkar.
En Kolgríma vildi ekki láta rugla fléttunum.
Kringlóttur geisli kom inn um kýraugað og
skoppaði til og frá á gólfinu eftir því sem
báturinn ruggaði.

Kolgríma horfði hlæjandi á geislann:

-Sjáðu, Steinn, hvernig sólargeislinn sem
kemur inn um gluggann, hreyfist til og frá á
gólfinu þegar báturinn veltur. Geislinn er
kringlóttur. Einsog glugginn, kringlóttur
einsog kýraugað.

-Sniðugt, sagði Steinn, áhugalaus um geisla
á gólfi.

-Hann dansar fram og aftur á gólfinu,
sjáðu Steinn, hann skoppar.....

Ekki, Steinn. Þú ruglar fléttunum.

Ekki. Ekki!

Mamma segir að maður megi ekki láta
stráka kyssa sig og gera svona fyrr en maður
er giftur, sagði Kolgríma.

Steinn var í svolitlum vandræðum. Veðmál
er veðmál; viskíflaska.

Hann spurði Kolgrímu hvort henni fyndist
þetta ekki dálítið gamaldags sjónarmið.
Hvað hún héldi að gerðist eiginlega þótt
hún.....

-Þegar ég er trúlofuð, kyssi ég kannski, sagði
Kolgríma. -Má það ekki alveg?

Og Steinn hélt það nú: -Þá má sko alveg gera það, sagði hann.

Og Steinn fékk góða hugmynd:

-Ertu nokkuð trúlofuð, Kolgríma?

-Nei, svaraði hún.

-Ertu viss?

-Já. Alveg viss.

-Ég ætla nefnilega að biðja þig að trúlofast mér, Kolgríma, ha?

Þú og ég leynilega trúlofuð? Þú segir engum, ha?

Þetta verður alveg leyndarmál.

Við þekkjumst nú svo vel. Við vorum alltaf í sama bekk í skólanum.

Ætlaðu kannski bara að pipra, ha?

-Já, en, ef þú gefur mér hring, þá sjá allir, sagði Kolgríma.

-Hring?

-Já, svona trúlofunarhring.

-Já. Þá gef ég þér bara eitthvað annað. Þá fattar enginn.

Finndu hvað þetta er gott. Við erum trúlofuð, Kolgríma.

Nú má alveg. Vertu bara róleg. Finndu hvað þetta er gott.

Kolgríma var pínulítið hrædd.

Kolgríma æpti pínulítið. Þetta var ekkert gott. Þetta var vont.

Steinn hélt fyrir munninn á henni og hvíslaði í eyrað á henni:

-Róleg, bara róleg.

Þetta er allt í lagi, Kolgríma.

Við erum trúlofuð.

3.

Kolgríma varðveitti leyndarmálið vel.
Leynilega trúlofuð. Hún var heitbundin.
Fallett orð: Heit-bundin.
Mánuðir liðu.

Gulli sá Kolgrímu tilsýndar þegar hún fór
með egginn fyrir mömmu sína.
-Andskoti er hún komin með flotta kúlu,
hugsaði hann og brosti.
Ef Steinn kemur nokkurn tíma aftur hingað
skal ég sko stríða honum.

Kolgríma skildi vel að nú var hún að verða
mamma. Hún vissi vel hvernig börn verða
til. Hún fann barnið sparka.
Kolgríma eignaðist son.
Hún varð að segja hver var faðir barnsins.
Hún vissi ekki alveg hvort það var leyndar-
mál líka.
Hún gat engan spurt.
Steinn var farinn burt. Hvert, vissi enginn.

Dúa, móðir Steins, var Kolgrímu góð. Hún
þekkti þennan son sinn og efaðist ekki um
að Kolgríma segði satt.

En Þorgrímur, faðir Kolgrímu, varð æfur af
reiði, því Jóhann, pabbi Steins, var hans
svæsnasti, svæsnasti óvinur, og „undan
honum gat ekkert gott komið".
Kolgríma bað föður sinn að leyfa að barnið
yrði látið heita Þorgrímur.
-Aldrei!, óskraði Þorgrímur. -Lausaleikskrói.
Auk þess verður afkomandi Jóhanns svarta

ekki heitinn í höfuðið á mér.

Aldrei, að mér heilum og lifandi.

Móðir Kolgrímu reyndi að stilla Þorgrím:

-Svona nú, Grímur. Deilur ykkar Jóhanns heyra fortíðinni til.

Þær koma þessu máli ekki við.

-Það getur verið, sagði Kolgríma, -að Steinn vilji að hann heiti Jóhann eins og pabbi hans, í höfuðið á hinum afa sínum.

-Þá getur þú haft þennan krakkaorm annars staðar en í mínum húsum, svaraði Þorgrímur.

-Það Jóhannsnafn kemur ekki í mitt hús.

Þú ætlast kannski til að ég sjái fyrir þessum króa þínum, Kolgríma?

Þú hefur aldrei orðið okkur til annars en.....

-Svona, svona, Grímur, greip móðir Kolgrímu fram í, byrst. -Grímur !!....

-Betur að þú hefðir aldrei fæðst, hvæsti hann....

Þau tala bæði í einu.

Móðir Kolgrímu: -Þorgrímur. Stilltu þig, maður....

Þorgrímur: -Þú hefur saurgað nafn móður minnar, Kolgríma.

Lausaleikskrói!

Sveiattan.

Móðir Kolgrímu var orðin hvöss:

-Þorgrímur !

-Ég get kannski fengið vinnu í banka-útibúinu, sagði Kolgríma.

-Ég er svo dugleg í reikningi.

-Þú færð enga vinnu. Ég sé fyrir mínu heimili, hreytti Þorgrímur út úr sér.

-Þá...., sagði Kolgríma, -....þá ætla ég að láta hann heita eftir kettinum mínum sem strákarnir drápu.

Hann var svo góður. Hann var alltaf svo góður.

-Kolgríma mín, sagði móðir hennar, -maður skírir ekki barn eftir löngu dauðum ketti.

Hét hann ekki Kausi?

-Hann hét Brandur Kausi, mamma.

Brandur þýðir líka beittasti hluti sverðs.

Brandur Kausi Steinsson, sagði Kolgríma dreymin.

-Já, sagði hún stolt: -Brandur Kausi Steinsson.

-Bara Brandur, Kolgríma mín.

-Brandur Steinsson, sagði Kolgríma.

-Já. Ég er viss um að Steini líkar það vel þegar hann kemur heim.

Hamingja skein úr brosi augna hennar.

-Hvað ætli hann komi, hnussaði í Þorgrími.

-Það er líka þessu plássi fyrir bestu að vera laust við þann vesaling fyrir fullt og allt.

Hann sést hér vonandi aldrei aftur.

Þessir djöfuls amlóðar, skilja eftir sig lausaleikskróa og stinga svo af.

Það var vart von að hann yrði föður-
betrungur; -- sami skíturinn og helvítis
kallinn...

-Þorgrímur!, sagði móðir Kolgrímu. -Nú er
nóg komið !

Kolgríma fór með barnið og gaf því að sjúga.
Það er fátt sem getur komið henni úr jafn-
vægi.

Kolgríma átti nefnilega leyndarmál:

-Brandur.

Brandur litli sonur okkar.

Brandur Steinsson.

Ég veit að þabba þínum líkar það vel þegar hann kemur heim, - þegar Steinn kemur að sjá strákinn sinn.

Þá get ég sagt þér leyndarmálið okkar Steins.

Þú ert ekki lausaleikskrói.

Þau mega bara ekki vita leyndarmálið fyrr en Steinn kemur.

Sjúgðu nú brjóst svo þú verðir stór og fallegur strákur þegar pabbi þinn kemur heim.

Þá verður hann kátur að sjá strákinn sinn.

Nú er hann kannski að vakna á stóra skipinu.

Mamma hans Steins, hún amma Dúa, sagði mér að hann væri líklega á stóru skipi einhvers staðar langt úti á hafinu stóra.

Kringlóttur geisli skoppar kannski inn um kýraugað og hoppar á káetugólfið. Hann hreyfist fram og til baka.

Og geisladans af smáum öldum merlar á káetuloftinu.

Hvað skyldi klukkan vera þar?

Nei, á sjó er ekki klukka, ekki dagar, bara vaktir.

Ræs, ræs, ræs.

Í vélarrúminu bíða þín smurkoppur, olíustútar, smurkoppur.

Enginn kringlóttur geisli hoppar á gólfið niðri í vélarrúmi.

Geðvondur vélstjóri á vakt.

Úti mun hnöttótt sólin skoppa á hafinu -- kannski haustrauð sól?

Hafflöturinn verður svo sléttur að skipið veit

ekki hvort það siglir á hafinu eða himninum,
og sólinni er alveg sama um alla smurkoppa.

Pabbi þinn og ég eigum leyndarmál.

Brandur litli, sonur minn.

Sonur okkar.

Þú ert svo lítill að þú skilur ekki.

Ég má engum segja.

Ekki fyrr en seinna, þegar Steinn kemur
heim til okkar.

Þú verður að vera duglegur að sjúga, svo þú
verðir stór og fallegur eins og hann. Hann er
svo fallegur,

--- Steinn er svo fallegur.

Heitbundin.

Heitbundin.

Leyndarmál.

4.

Kolgríma talaði mikið við barnið sitt. Það var
betra að tala við barnið en fólk. Það var gott
að tala við barnið. Hún gat sagt það sem
hún hugsaði. Það var þægilegra en að tala
við fólk.

Árin liðu. Brandur þroskaðist mjög vel.

Hann var skýr eftir aldri. En hann lék sér
ekki við aðra krakka, því það voru ekki börn
þarna í kring. Ekki nema inni í þorpi.

Kolgríma sagði Brandi litla sögur. Hún bjó til margar sögur handa honum þegar hann fór að stækka.

Brandur: -Þú ætlaðir að segja mér sögu, mamma, ef ég yrði fljótur að hátta. Af hverju drápu ljótu strákarnir köttinn þinn sem hét Brandur Kausi, þegar þú varst lítil, mamma?

Kolgríma svarar lágt: -Þeir héldu að hann hefði drepið dúfu sem þeir áttu.

Það var ekki satt! Brandur Kausi var inni alla nóttina.

Hann var orðinn gamall.

Hann svaf á koddanum mínum alla nóttina.

Það var einhver annar köttur sem drap dúfuna.

Þeir rotuðu köttinn minn með grjóti.

Kolgríma verður döpur við þessar hugsanir.

Hann lá dáinn úti í kálgarði, blóðugur um munninn.

Ég jarðaði hann.

Hann var alltaf svo góður.

Kolgríma varð þögul.

Brandur ítrekar, óþolinmóður:

-Mamma.

Mamma. Þú ætlaðir að segja mér sögu.

Mamma.

Kolgríma: -Ha? Já. Ég er að fara að búa hana til.

Hún er um -- ryksugu. Já. Ryksugu, sem er svo hryllilega orðljót:

Ryksugan fer inn í stofu, finustofu, stáss-

stofu, þar sem finu húsgögnin eru og fina stofuteppið.

-Góðan dag, segir ryksugan með hávaða og syngur á fullu:

Ryksugan á fullu
étur alla drullu
lalalala rallalala
ralla la la.

Postulínsplattinn sem hangir uppi á vegg er alveg hneykslaður.

-Jæja, segir ryksugan. -Alltaf sama lognmollan hér.

Hvað hefur til dæmis gerst hér hjá ykkur síðan á laugardaginn var?

Fínu húsgögnin settu upp ofsalega virðulegan svip, og silkipúðarnir þóttust ekki heyra.

-Já, vissi ég ekki, sagði ryksugan: ekkert. Ákkúrat ekkert.

Jú, einn maður kom í heimsókn, fór úr skónum

svo fina teppið skítnaði ekki einu sinni út, þáði vindil, en kveikti ekki í honum, svo finu öskubakkarnir skítuðu heldur ekki út.

Það var þá viðburður.

Nei. Þetta kalla ég fjandans tilbreytingarleysi.

Fínu húsgögnin urðu pínulítið móðguð, en postulínsplattinn fylltist fyrirlitningu:

Ryksuga -- vinnur eintóm skítverk -- talar auk þess ósiðsamlegt mál, þykist vera að setja ofan í við þau, finasta finerið, raunar of fint til að vera notað.

Hún heldur þó ekki að nokkur maður vaði inn á svona teppi á skónum.

En postulínsplattinn var of vel upp alinn til

að segja það sem hann hugsaði.

-Það er fina veðrið, sagði borðið tilgerðarlega.

-Það er dálítill hávaði í þér, fröken ryksuga, bætti það við. Gættu þess, ef þú vildir gera svo vel, að rekast ekki í fætur mér, þótt þú hafir mikið að gera.

Segirðu nokkuð í fréttum?

-Það brotnaði glas í eldhúsinu í morgun, sagði ryksugan. -Það var eldhúsglas.

Eldhúsglös hafa sko mikið að gera, skal ég segja ykkur. Alltaf í notkun. Þau eru ekki bara uppstilling til augnayndis, heldur eru þau alltaf að vinna.

Palli litli var að drekka sjálfur í morgun, eða réttara sagt ætlaði að fara að fá sér sjálfur, prilaði upp á stól,

náði í glas,

en litlu puttarnir voru of litlir og þúmm -- glasið í gólfið.

Allt í mál, maður.

Svo heyrðist dingaling í rörinu á mér og dongalong í barkanum á mér þegar jarðneskar leifar þessa dygga glass hringluðust í pokann í mér.

Svo heyrðist aftur dingaling og dongalong, þegar pokinn minn var tæmdur í öskutunnuna.

Ryksugan hlær: -Ja, ef þið vissuð hvað gerðist þegar ég fór út í öskutunnu!

Svaka fjör, maður....

Fínu húsgögnin sýndu engin svipbrigði.

Gátu þau verið þekkt fyrir að vera spennt í öskutunnusögum? Nei. Þau þóttust ekki hafa áhuga fyrir öskutunnusögum.

Ryksugan syngur á fullu:

-Ryksugan á fullu, étur alla drullu,
trallalala trallalala tralla la la.
Þið hefðuð bara átt að sjá það, maður, bætir
hún við.

Nú var teppið orðið svolítið forvitið, en það
vildi ekki láta finu húsgögnin sjá að það
hefði áhuga á að heyra ryksugu segja ösku-
tunnusögur.

-Hah ha hæ ! segir ryksugan. Það var nú
meira bíóið, maður.

Ég hélt ég yrði ekki eldri!

Og ryksugan hamaðist á teppinu í gríð og
erg.

Það kitlaði og þótti bara gaman að láta ryk-
suga sig, en lét ekkert á því bera.

(Annars var þetta notalegt eins og að láta
þvo sér bakið í baði.)

Það gerist ekki svo margt í finum stáss-
stofum.

Það eina sem raunverulega gerist er að þessi
hressa ryksuga kemur að þrifa rykið, sem
gæti hafa safnast -- en það er venjulega
þrifið áður en það kemur.

-Jæja, segir ryksugan. -Fyrst þið hafið
engan áhuga á skemmtisögum, er ég farin.

Ég hef nóg að gera. Bless bless og veriðið
hress.

Sí jú leider, alegeitor!

Svo brunaði hún fram og það var lokað inn í
finu stofu.

Þögnin og virðuleikinn réðu þar ríkjum á ný.
Finu húsgögnin störfðu fram fyrir sig með
virðulega svipinn - á ekki neitt.

Brandur: -Hvað ætlaði hún að segja þeim?

Kolgríma: -Mér datt ekkert í hug.

Brandur hlær: -Gastu þá ekkert búið til söguna?

Kolgríma: -Dettur þér eitthvað í hug?

Brandur hugsar:

-Nei. Jú, til dæmis, að það hafi verið mús að éta epli í öskutunnunni svo hafi músin stokkið í burtu.

Kolgríma: -En hvað er fyndið við það?

Brandur: -Fyndið?

Brandur hugsar. -Nee, líklega er þetta ekkert fyndið.

Kolgríma: -Jæja, fyrst okkur dettur ekkert sniðugt í hug til að láta ryksuguna segja, þá er þetta bara leyndarmál.

Fínu húsgögnin fá aldrei að vita það.....

Brandur botnar setninguna: -..... vegna þess að okkur datt ekkert fyndið í hug!

Brandur hlær.

Farðu nú að sofa.

Nú lesum við bænirnar.

Brandur: -Hvað erum við að gera þegar við sofum og svo erum við að dreyma....

Kolgríma: - er _okkur_ að dreyma.

Brandur: -.... já, og þá förum við eitthvert og gerum eitthvað en samt liggjum við kyrr í rúminu?

Kolgríma: -Svefninn -- hún hugsar sig aðeins um -- svefninn er djúpt myrkur.

Þar búa draumarnir.

Þeir vaka á nóttunni, þegar aðrir sofa.

Þeir eru góðir

eða vondir

eins og mennirnir.

Brandur: -En svona dagdraumar og
svoleiðis, sem maður hugsar og maður
langar....

Kolgríma: -..._mann_ langar,

Brandur: -...búa þeir líka í svona djúpu
myrkri? -- Þá er maður með opin augun,
mamma.

Kolgríma: -Nei, sólin skín á dagdrauma.
Já. sólin skín á dagdrauma.

Þá brosa þeir.

Kolgríma hlær þegar hún sér fyrir sér
brosandi dagdrauma.

Þetta er svo fallett.

Brandur: -Kunna draumar að brosa?

Kolgríma: -Kannski verða þeir dálítið
feimnir.

Brandur: -Er pabbi sofandi núna?

Kolgríma: -Skipið hans siglir á sjónum,
sem er svo sléttur, að skýin og tunglið
speglast í honum.

Maður veit ekki lengur hvað er haf og hvað
er himinn.

Brandur: -Það er aldrei svona sléttur sjór
langt úti á sjó.

Afi segir það. Það er alltaf bræla. Það segir
afi.

Er pabbi sofandi núna?

Kolgríma: -Eigum við að lesa bænirnar?

Brandur: -Getum við talað við hann guð
þótt við sjáum hann ekki?

Kolgríma: -Við tölum við guð -- eða
kannski tölum við bara við sjálf okkur.....

Brandur geispar.

Kolgríma heldur áfram:það skiptir kannski ekki máli ef við bara tölum í einlægni.

Brandur segir syfjulega: -Hann hlýtur að hafa ofsalega mikið að gera þegar allir eru að fara að sofa.

5.

Þorgrímur afi talar líka mikið við Brand.

Þorgrímur: -Jæja, Brandur kallinn, afastrákurinn.

Brandur: -Heyrðu, afi,

Þorgrímur: -Þú hefur eiginlega átt að heita Þorgrímur eins og afi.

Brandur: -....afi, fórst þú aldrei í skólann?

Þorgrímur: -Grímsnafnið hefur alltaf verið í minni ætt.

Brandur: -Fórst þú aldrei í skólann þegar þú varst litill, afi?

Þorgrímur: -Þorgrímur yngri ...Litli Grímur...

Brandur: **-Afi !.**

Þorgrímur: -Skóla? Ég?

Til hvers eiginlega? Djöfuls amlóðafúsk.

Ég hef komist bærilega af án einhverrar helvítis skólagöngu.

Komdu hingað afastrákur.

Þú ert sko minn karl.

Þú hefur eiginlega átt að heita Þorgrímur eins og afi.

Eins og afi.

Brandur: -Verður maður að fara í skólann?

Þorgrímur: -Verður og verður. Skólar eru óþarfi.

Atvinnubótavinna fyrir letingja sem nenna ekki að vinna ærlegt handtak.

Brandur: -Fór pabbi í skólann?

Þorgrímur svarar hranalega: -Þú átt engan pabba.

Þú þarft heldur engan pabba. Þú ert afastrákur.

Brandur: -Víst á ég pabba. Mamma segir það.

Þorgrímur: -Hvaða pabbi heldurðu að það sé, sem veit ekki einu sinni að þú ert til?

Andskotans ómenni, þessi drengdjöfull. Sver sig í ættina.

Hvernig gat líka annað komið undan Jóhanni svarta?

Nei, þú þarft sko ekkert að fara í skóla, drengur.

Brandur: -Ég fer þá bara á sjóinn.....

Þorgrímur: -Já, nú líkar mér við minn karl.

Brandur: -.... eins og pabbi.

Þorgrímur: -Þú átt engan pabba, drengur.

Þetta er drabbari.

Þú ferð á sjóinn eins og afi, eins og ég gerði þegar ég var ungur;

ferð á sjóinn eins og afi Grímur.

Þá hafði maður nú krafta í kögglum, drengur minn.

Jahá. Takast á við þann gula, drengur minn.

Það er nú karlmönnum sæmandi -- ekki eitthvert djöfuls bókadrasl, fusselsvei.

Um kvöldið segir Brandur mömmu sinni, varfærnislega, að afi hafi ekkert farið í skólann, bara á sjóin.

-Auðvitað verður maður að fara í skólann,

Brandur minn, að læra að lesa og skrifa og reikna.

Það er svo gaman í skólanum.

Nú skulum við búa til sögu, Brandur minn, og svo förum við að sofa.

Mér datt í hug sniðug saga.

Brandi er ekki hlátur í huga, því hann er að hugsa um þetta með skólann.

Afi fór aldrei í skólann. Hann fór bara á sjóinn.

Kolgríma byrjar því á sögunni.

Brandur hefur alltaf gaman af að koma með hugmyndir í sögurnar þeirra, en nú er hann að hugsa um annað en sögur.

Getur þú ekki bætt einhverju í söguna, Brandur, eða haldið áfram?

En Brandur spurði aðeins hvort allir yrðu að fara í skólann.

6.

Það er þetta með skólann.

Brandur á auðvitað að fara í skólann eins og lög gera ráð fyrir.

Hann verður fyrir aðkasti í skólanum. Það hefði verið kallað einelti ef orðið hefði verið notað þá.

Krakkarnir stríða honum með því, að hann eigi engan pabba; þau stríða honum með

því, að mamma hans sé skrytín, sé aumingi, og þau herma eftir göngulagi hennar.

En verst af öllu er, að heima hjá Brandi er ekkert sjónvarp.

Allir sjá sjónvarpið, nema Brandur.

Allir fá að horfa á einhverja þætti, einnig svona fullorðinsþætti, nema Brandur.

Hvernig getur hann verið samræðuhæfur í hópi stráka sem sjá þætti?

Á hverjum degi fer Brandur að heiman með skólatöskuna sína -- fer af stað nógu snemma til að komast í skólann á réttum tíma. Það er drjúgur gangur niður í þorp ofan úr Þorgrímshúsi.

En Brandur fer ekki í skólann. Hann fer til ömmu Dúu og les gömlu Tarzanblöðin sem Steinn átti þegar hann var litill. Amma Dúa er stundum að hugsa hvort skóladagurinn sé svona stuttur, því hún heldur að Brandur sé að koma úr skólanum þegar hann kemur til hennar.

Hann segir hiklaus, ef hún spyr: -Það var sko frí.

AmmaDúa gefur honum eitthvað gott í svanginn.

Hann les hasarblöðin gömlu þar til passar að fara heim í Þorgrímshús, á þeim tíma sem skólinn er raunverulega búinn.

Guðrún á Félagsmálastofnun fær þetta mál til meðferðar:

Móðir drengsins, Kolgríma Þorgrímsdóttir, einstæð móðir, holgóma, hreyfihömluð, sumir álíta hana óhæfan uppalanda; býr hjá foreldrum sínum.

Faðir hennar öryrki, slasaðist á sjó.
Guðrún á Félagsmálastofnun reynir að fá
sem mestar upplýsingar um þetta heimili.
Hún talar meira að segja við fröken Guðríði,
kennslukonu, sem kenndi Kolgrímu þegar
hún var lítil.

Hún er hætt að kenna. Þekkir því ekki
Brand.
Kömnir sprenglærðir kennarar að sunnan,
og gömlu kennurunum boðið að vera leið-
beinendur á lægra kaupi en þessir ungu
með prófin.

Það er kosturinn og gallinn við þessi litlu
pláss að allir þekkjja alla.
En svo sem auðvelt að fá upplýsingar:
-Þau voru tvö systkinin.
Bróðir hennar var á báti sem fór niður.
Þorgrímur tók sonarmissinn mjög nærri sér.
Enda var hann yndælispiltur. Ekki mikið
fyrir bókina, en þeim mun efnilegri á allan
anna hátt. Mikil sorg og mikill missir fyrir
plássið þegar þeir fórust. Allt ungir menn.

Móðir Kolgrímu er mjög vel gerð kona. Hún
hefur ætíð staðið sig vel í mótlæti.
Hann er nú ekkert lamb að leika við,
Þorgrímur, en hún lætur ekki vaða ofaní sig,
frúin.
Fer sér hægt, en er ákveðin kona.
Hún er ekki illa gefin, hún Kolgríma litla,
segir Guðríður.
Hún var eiginlega það sem maður kallar sér-
sviðagreind.
Það var líka kallað ofviti í gamla daga.

Henni var strítt, en ég veit ekki hvort hún tók það nærri sér. Hún virtist ekki vera neitt feimin þrátt fyrir þessa fötlun sína. Ég held að hún hafi ekki tekið neitt sem stríðni. Hún var í sínum hugarheimi, og hranalegt umhverfið setti ekki sitt mark á hana.

Krakkarnir hlógu oft að því sem datt upp úr henni:

Einu sinni var ég að tala við þau um eiginleika íslensku ullarinnar.

--- Ég verð að taka það fram að Kolgríma var með þykkan fléttur; hún var eina telpan sem ekki fékk að klippa sig.

Allar stelpur voru komnar með stutt hár, nýjasta tíska, en pabbi Kolgrímu bannaði henni að klippa sig. -- Stúlkur eiga að hafa sitt hár -- sagði hann víst.

Já.

Ég var að tala við krakkana um eiginleika íslensku ullarinnar.

Ég sagði þeim að ullin hlypi í heitu vatni og þófnaði við núning.

Kolgríma rétti þá upp höndina: -Fröken Guðríður, sagði hún, -getur lifandi hár líka hlaupið?

Krakkarnir fóru auðvitað að hlæja.

Strákarnir spurðu hana í marga daga á eftir hvort hún þvæði sér nokkurn tíma um hausinn (eins og þeir orðuðu það), hárið gæti þófnað og hlaupið.

Æ, hún rak sig alls staðar á vegg, hún
Kolgríma litla.

Það var eins og hún væri hætt að ætlast til
nokkurs af umheiminum annars en kald-
hæðni.

Þjó í allt örðum heimi sem var miklu mildari
en raunveruleikinn.

En hún var dugleg að læra, sílesandi allt
mögulegt, síspyrjandi um furðulegustu
hluti.

En það var eins og enginn kynni að meta
það sem skyldi, bara af því að það var hún
sem sagði það.

Þar sannaðist víst hið fornkveðna: það skart
er á einum sem skömm er á öðrum.

Ég held að Þorgrímur hafi fyrirvarið sig fyrir
hana.

Hann bókstaflega reyndi að fela hana.

Furðulegt að svona skuli geta gerst nú á
tímum.

En svona var það nú samt.

Þorgrímur, faðir hennar, ætlaði ekki að
senda hana í skóla.

-- Hann er mjög skapstirður og orðhvatur
maður,

Kolgrímu langaði mikið til að halda áfram í
skóla, fara á heimavistina, læra meira en
hér í barnaskólanum og gagnfræða-
skólanum.

En Þorgrímur þvertók fyrir það.

Það var synd, því hún gat vel lært.

Já,

og svo var annað, bætti kennslukonan við

eftir nokkra umhugsun:

-Hún orti ljóð.

Og hún samdi litlar sögur, sérkennilegar sögur.

Það var eitthvað við þær.

Eitthvert dýpi, sem var þarna falið undir barnalegri framsetningunni.

Fröken Guðríður mundi allt í einu eftir að einhvers staðar átti hún litla sögu sem Kolgríma hafði gefið henni, þegar hún var í bekknum hennar:

Blindi drengurinn

Hörund drengsins var hvítt,
svo hvítt.

Augun voru dökkt. Blá? Ísablím?

Ég veit það ekki.

Þau voru bara dökkt.

Hvernig skyldi það vera að
horfa á sjálfan sig í spegli,
hugsaði blindi drengurinn,
horfa á sjálfan sig hreyfa sig?

Spegillinn er harður, sléttur.

Ég snerdi spegilinn. Þá kemur
höndin í speglinum á móti, og þær
snertast.

Það er ekki hlý hönd, heldur
köld hönd, hugsæði blindi
drengrinn.

Tvo deygði hann höndina upp.
Hlin átti að vera blóm sem
sér sólina, opnar krónuna og
fær hlíju frá sólargeistanum.

Sólin er hlý.

Blindi drengrinn leitæði eftir
flautunni sinni.

Hann hafði einu sinni tíud til
lag um blóm og um sólargeista.

Hann hugsæði um hestinn sem
hann snerdi einu sinni.

Tvo stuggðist. hesturinn, varð
stinnur, hærður, og hljóp burt.

Hann heyrði hestinn klaupa.

Hestur er stór, harður, en þó
mjúkur, heitur, með fax,
og hann hefur augu, og andar,
og það er hestalykt af honum.

Hestur er stór, harður, en þó
mjúkur, heitur, með fax,
og hann hefur augu, og andar,
og það er hestalykt af honum.

Þig blindi drengurinn vilði
hlaupa, hlaupa eins og hestur.

Lítil blóm deyja þegar frostið
kemur, en hesturinn getur
hlaupið í frostinu.

Heitur mjúkur hestur í köldum
mjúkum snjó.

Blindi drengurinn spilaði á
flautuna sína lag um snjóinnu
og dána blómis, en hann gat
ekki búið til lag um hest.

Fröken Guðríður var mjög hugsí, allt að því
meyr.

-Já, sagði hún svo, og hressti sig upp:

-Kolgríma var ekki ánægð með kvæðið um Ólaf liljurós, skal ég segja þér.

Hún sagði að það hefði verið sniðugra hjá honum að fara inn með álfameyjunum.

Daginn eftir kom hún með kvæðið svona, sagði Guðríður og brosti.

Kolgríma litla var snillingur á sinn hátt, já -- svona gera ekki nema snillingar.

Hún sagði að það væri svo leiðinlegt fyrir mömmu hans og systur hans að hann væri að deyja.

Svo ættu álfarnir fjársjóði í klettunum sínum:

Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram
villir hann
stillir hann

hitti fyrir sír álfarann
þar rauður loginn brann
bliðan lagði byrinn undan björgunum
bliðan lagði byrinn undan björgunum fram.

þar kom ið ein álfamei
villir hann
stillir hann

sú var eigi kristi kær
þar rauður loginn brann

bliðan lagði byrinn undan björgunum
bliðan lagði byrinn undan björgunum fram

þar kom úd ein önnur

villir hann
stillir hann

hélt hún á gullkönnu

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

þar kom úd in friðja

villir hann
stillir hann

með gullband um sig miðja

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

„Gakk í björg og bí með oss“
villir hann
stillir hann

„Þiggðu, ungsverinn, þennan koss“

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

„Eigi vil ég með álfum þúa“

villir hann
stillir hann

„heldur vil ég á krist minn trú“

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

Reiði fram hönd fegurð álfafjöð

villir hann
stillir hann

söngur ómaði og fegur ljóð

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

Sté af baki Silfurós

villir hann
stillir hann

þuldi meynni blíðlegt brós

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

Stófum mansins mestu höndum

villir hann
stillir hann

þengist hann heilladur, rómnum böndum

þar rauður loginn brennur

Blíðan liggur byrinn undan björgunum
Blíðan liggur byrinn undan björgunum fram

Upp ljúkast salir gulli þrygddir

willir hann
stillir hann

þar álfar eru þelli skrygddir

þar rauður loginn brennur

Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum
Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum fram

"Gakki í sal og þú með oss"

willir hann
stillir hann

"slíkt mun lífs þíns djóra knoss"
þar rauður loginn brennur

Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum
Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum fram

Gjöf honum ferir mér þar ein

willir hann
stillir hann

gefur þar að líta farknastein

þar rauður loginn brennur

Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum
Blíðan leggur þyinn undan þjörgunum fram

Heilladur freistast Liljurós

villir hann
stillir hann

í silfötri bindast álfadróss

þar rauður loðinn brennur

blíðan liggur byrinn undan björgunum
blíðan liggur byrinn undan björgunum fram

Smægtir ferir álfalíf

villir hann
stillir hann

og hamingju hið ljósa víf

þar rauður loðinn brennur

blíðan liggur byrinn undan björgunum
blíðan liggur byrinn undan björgunum fram

Ríðis þvi, menn, með björgum fram

villir hann
stillir hann

húttíð fyrir álfarann

þvar rauður loðinn brennur

þvar blíðan liggur byrinn undan björgunum
þvar blíðan liggur byrinn undan björgunum fram

Guðrún á Félagsmálastofnun var eiginlega jafn dolfallin og Guðríður.

Guðrún ákveður að senda tilsjónarmann til Brands litla.

Fyrir valinu verður Sófus, hress piltur sem ætlar í félagsfræði, ekur um á mótorhjóli, og er líklegur til að láta afann Þorgrím ekki kveða sig í kútinn í fyrstu lotu.

7.

Sófus finnur húsið eftir lýsingunni: lítið, hvítt með rauðu þaki, afskekkt, aðeins ofan við þorpið, eina húsið sem ekkert sjónvarpsloftnet er á.

Kolgríma kemur til dyra.

Hún er gædd furðanlegri ró.

Kannski er það bara skel, til að verjast köldum hlátri lífsins?

-Taktu af þér.

Ég vissi að þú ætlaðir að koma,

af því að Brandur skrópar.

Sófus á dálítið erfitt með að skilja Kolgrímu til að byrja með;

þá talar hún bara hægar.

-Það er skrytið, heldur Kolgríma áfram, -að hann skuli skrópa í skólanum.

Það er svo gaman í skólanum.

Sófus lætur hjálminn sinn á gólfið í for-

stofunni, lykilinn af hjólinu inn í hjálminn.
-Er ekki í lagi að láta hjálminn hérna? spyr hann.

-Jú, jú, allt í lagi, segir hún.

-Best að láta símann hér líka svo hann gleymist ekki. Ekki gleymi ég hjálminum, og kemst ekkert án lykilsins af hjólinu.

Kolgríma brosir.

Sófus er svo innilegur og sætur.

Henni líður vel í návist hans.

-Hefur Brandur sagt þér eitthvað úr skólanum? spyr Sófus, þegar þau eru sezt inn í kamesið hennar Kolgrímu.

-Nei, hann sagði bara,

-- ég spurði hann hvort það væri ekki gaman í skólanum --

hann sagði bara að það kæmi eitthvað stórt upp úr skólanum þegar hann kæmi labbandi -- og það færi inn í höfuðið á sér og í hálsinn -- hann sæi það ekki samt --

og í brjóstið á sér og væri þar,

allt svona þungt og skrytið og ljótt, -

og þegar krakkarnir í skólanum töluðu við

hann þá hoppaði það inni í sér

og það væri vont, sagði hann.

Svo, segir hann, að það hoppi út

þegar hann fer úr skólanum,

og þá líði honum betur.

Kolgríma þagnar aðeins.

-Má bjóða þér kaffi?

-Nei, takk. Var að fá mér kók.

Það verður aðeins þögn. Sófus er að velta því fyrir sér, hvort Kolgríma ætli að segja eitthvað meira.

-Kannski..., segir hún og hikar aðeins, ...-kannski búum við til of mikið af sögum.

-Sögum? Hver býr til sögur?

Þið mæðginin?

-Já. Við búum stundum til sögur á kvöldin.

-Hvernig sögur? Svona um eitthvað stórt og þungt sem kemur upp úr skólum? segir Sófus og brosir.

-Nei. Ekki bullusögur.

Bara litlar sögur -- hún hikar -- svona um eitthvað sem mér dettur í hug. Kolgríma hikar á ný.

Sófus bíður.

-Svo skrifa ég þær.

-Skrifarðu þær?

-Það er bara svo skrýtið, að þær eru allt öðru vísi, þegar ég er búin að skrifa þær á blöð.

-Já, þessu trúi ég.

Eh, má ég, Kolgríma -- má ég sjá þær?

-Kannski ætla ég að sýna einhverjum þær seinna.

Kannski þegar ég gifti mig.

Sófus bíður. Horfir blíðlega á Kolgrímu.

Kannski er það þessi fölskvalausa hlýja sem hún finnur hjá Sófusi sem gerir það að verkum að hún treystir honum.

Hún finnur að hann mun ekki hlæja að henni.

Hún stendur upp.

Í gömlum kistli eru litlar sögur skrifaðar í stílabók.

-Þessi heitir Jedúdda mía.

Kolgríma verður örlítið feimin við sögurnar sínar. Hún veit að sumir hlæja að sumu, sem henni finnst ekki hlægilegt.

-Það er geðvond kartafla, útsæðiskartafla, sem er að segja frá; hún er alltaf að nöldra.

Æ, Brandi finnst þetta fyndið, segir hún afsakandi.

Hún er í þann veginn að hætta við að lesa fyrir Sófus, hætta við að sýna honum sögurnar, en svipur hans er svo innilegur og biðjandi að hún hefur sig í að byrja:

Jedúdda mía

Þú maður að skorpna hérna?

Getur kerlingin ekki farið að setja niður?

Ég geri nú ráð fyrir að vorsólin sé farin að skína.

Að minnsta kosti eru flugurnar vaknaðar.

Kolgríma hættir við lesturinn og segir, svona svolítið kæruleysislega:

-Hún er alltaf í fylu, sko.

Sagðist frekar vilja vera kartöflustappa en

útsæði.
Kolgríma þagnar.

-Leyfðu mér að heyra meira, Kolgríma.
Mér þykir þetta skemmtilegt.
Kolgríma brosir, og lætur til leiðast.

Það éina sem minnir mann á
nor, er fluga í grútskíðugum
kjalloragymsluglugga.

Jedúdda mía!
Hraðilegt þolinmádiverk að
vera útsæði.

Herlingin opnar.
Sólargæstli flæðir inn á gólf.

Jedúdda mía. Maður er bara
látin fá ofbirtu í augun.

Það er ekki verið að taka tillit
til að kartöflur geta ekki
lokað augunum þegar svo
óvand ofbirta skellur inn.

-- Æ, Brandi finnst þetta fyndið, bætir
Kolgríma inn í.

-Þessi fylupúkakartafla er líka í fylu þegar
hún er komin í kalda, raka moldina,

svo þegar sólin skín og þurrkar moldina.

Ég var ekki búin að skrifa það allt.
Svo kvartar hún yfir að eiga svona marga
kartöfluunga sem hún þarf að næra.

-Þetta er sniðug saga, Kolgríma.
Gaman að þú skulir skrifa þær niður.

Þú hefur fallega hönd.
-Ég hef allt of stórar hendur.
-Ég meina rithönd. Skrifar vel.
Kolgríma brosir. -Ég vanda mig alltaf þegar
ég skrifa.
Ég skrifa með blýanti. Þá get ég strokað út
það sem er illa skrifað.

-Hér er ein, segir Sófus, -sem heitir
Diskurinn. Má ég?

Diskurinn

Hann var úr fina stelliniu.
Hann var eiginlega alltaf geymdur
inni í skáp í stofunni í stafla.

Svo brotnaði einu sinni fina
stellið. Þaður hans féar í mæl.

Hann varð bara skörðstkur,
svo hann varð kattardiskur.

Hann kunnir vel við að vera kattar-
diskur.

Þessi kisa hét Branda Þaugalín,
hvít og mjúkt og hreinleg.

Hún slékti diskinn alltaf svo vel.
Það þótti honum gott.

Það komu svo einu sinni vöndur
sdrákar og hentu í hana grjósi,
meiddu hana ofsalega mikið og
hún varð ofsalega hrædd.

Og hún dó.
Þá hafði diskurinn engan að
sala við.

Flann var bara sattu í ruslið.

Það verður þögn. Nokkuð löng þögn.

-Svo, segir Kolgríma, -svo búum við líka til
svona ljóð, stundum.

-Hvernig ljóð?

-Það er kannski svolítið asnlegt.

Hún hikar.

Sófus bíður, brosandí, og horfir hlýlega á
Kolgrímu.

Trúfninn er djúpt myrktur.

(hún byrjar feimnislega)

Þar búa draumarnir.
Þeir vaka á nóttunni
þegar aðrir sofa.

Þeir eru góðir
eða vondir
eins og mennirnir.

Þýr dagdraumurinn líka
í djúpu myrkri
þar sem sólin nær aldrei
að skína?

Ef sólin nær að skína á hann
brósir hann þá?
Eða verður hann feiminn?

-Þetta er fallett, Kolgríma.

-Kannski breytti ég þessu í „mjúkt myrkur“.

-Átt þú dagdrauma?

-Nei, ég á leyndarmál, svarar Kolgríma
ákveðin.

-Er það fallett leyndarmál?

-Jáh.

Sófus hefði nú búist við allt annars konar
óhæfum uppalanda -- eins og það heitir í
skýrslunni.

Kolgríma, sem þekkir heiminn af ýmsu öðru en umburðarlyndi, er ekki lengur inni í skelinni sinni. Hún sýnir Sófusi sögurnar sínar:

Steinn.

Það var einu sinni steinn
sem hlustaði á vatnið renna.
Þetta var ekki rosastór steinn,
ekki klettur, bara venjulegur
stór steinn.

Kannski var það hljóð vatnsins
sem gerði hann svona fallegan.

Við steininn átti lítil stúlka þú.
Þar hafði hún gamalt vaskafat,
hankalausan bolla og fleira,
og drullumallaði kökur,

skreyddi þar með sóleyjablöðum
og notaði lambaspörð fyrir
rúsinur.

Það var að vísu enginn til að
borða þessar kökur, en þar
voru samt bakadar

Fólin sá um baksturinn.
Í steininum, þessum stóra
steini, var sylta, eða leynihólf,
sem enginn vissi um nema
litla stúlkan sem átti búid.

Þar geymði hún dólitið sem
enginn vissi um nema álfarnir.

Þeir gleymdu stundum að láta
á sig huliðshjálminn, álfarnir,

-eða var þeim alveg sama þótt
litla stúlkan sái þá?

Tvo flutti litla stúlkan í kaup-
staðinn.

Þabbi hennar og mamma fluttu
í kaupstaðinn.

Þar var ekki hægt að drullu-
malla, því hún fann engar
sóluþjar.

Þegar litla stúlkan var orðin
stór, gifti hún sig.

Mæðurinn hennar byggði hús,
reglulega falllegt hús, og það
var garður við húsið.

Þegar hún átti einu sinni
afmæli, spurði mæðurinn
hennar hana hvað hana
langaði mest af öllu í.

Hún hugsaði lengi.

Svo var hún allveg viss: Stóran
fallegan stein, sagði hún, sem
er hjá litlum leikuppi í svít.

Það væri svo falllegt að láta
hann í garðinn. — Þarna
hjá sólujunnunum.

Það skulum við gera, ástin mín,
sagði hann.

Ég fæ kranabil og vörubíl og við
sakjum þennan stein.

Þau töludu við bændann.
Já já, sagði hann. Hér er
allt of mikið af grjóti. Þið
megið taka það allt saman.

Það er vada djúrt að flytja
stóran stein, en hún hlakkaði
til að fá afmælisgjöfina sína.

Hún stóð lengi og horfði á
hann, steininn sinn.

Það var eins og hann hefði
breyttst eitthvað.

Það var eins og það vændaði
eitthvað. Lækjarniðinn?

Hún vissi það ekki
Hún þakkaði manningum sínum
fyrr.

"Ollum fannst garðurinn ofsalega
fallegur með þessum sérkenni-
lega steini

Það er svo margt sem breyttist
þegar við hugsum um það
lengi.

Glun snerdi með hendinni
sylluna, þar sem leyndarmálið
hennar hafði verið fyrir löngu
löngu.

Það var þar auðvitað ekki lengur.
Krummi, eða frostið og snjóinn
voru löngu blóm að taka það.

EKKI voru það álfarnir, því
þeir eru víst ekki til.

Hvað var það sem hafði gert
steininn svona falllegan í
hennar huga?

Var það lokurinn, vatnið, eða
var það tíminn?
Tíminn eða vatnið, sem hafði
breytt öllu?

Þorgrímur kemur inn. Hann hvessir skröpp
augun á Sófus:

-Hvur ert þú? spyr hann höstuglega.

-Þetta er Sófus, pabbi, sem átti að koma,
segir Kolgríma.

Þorgrímur rymur: -Hvað eruð þið að kássast
í einkamál manna? Ha?

Djöfulinn kemur ykkur við hvernig við
höfum það?

Snautaðu héðan út, amlóðinn þinn.

Hvað vilt þú uppá dekk sem ekki kannt að hífa sekk!

-Nú? Það var verið að bjóða mér inn.

-Og bara með kjaft, ha? segir Þorgrímur.

Það væri nær að láta ykkur vinna, þessa andskota, frussar Þorgrímur út úr sér,

-gera ærlegt handtak, þessar heybrækur, landkrabbableyður.

Sófus hafði verið varaður við að Þorgrímur yrði ekkert lamb að leika við. Sófus var svo heppinn að hafa verið á sjó, svo smá orðbragð af þessu tagi kom honum ekkert á óvart.

-Hvern andskotann þykist þú til dæmis vinna? Ha?, bætti Þorgrímur við.

-Ég hef verið háseti, svarar Sófus.

-Núh. Háseti?

(Nú var dálítið erfitt fyrir Þorgrím að finna eitthvað til að gera lítið úr Sófusi með.)

-Á farskipi, náttúrulega?

-Á togara, svarar Sófus, og hann flýtir sér að halda áfram: -en þetta hefur nú sennilega verið erfiðara þegar þú stóðst í þessu, Þorgrímur.

Þú og þínir líkar sem tókust á við hættarnar.

Þorgrímur rymur: -Þið þurfið ekkert að gera annan en éta og sofa á sjónum nú orðið.

Og allir á kauptryggingu, allar siglinga-græjur.

-Það hafa víst ekki verið vatnsgallarnir í pusinu í gamla daga? segir Sófus.

Sófus gerir sér grein fyrir að tilsjónarmaður verður að hafa lag á fólki.

Þar kemur að þeir setjast inn í stofu og Sófus fær Þorgrím til að segja sér gamlar sögur af sjónum:

-..... Það var helvítis bræla, - það hljóp alltaf í skapið á formanninum okkar þegar við lentum í brælu ...

....

Brandur skellir upp útidyrahurðinni og kallar inn:

-**Mamma !**

Mamma, hver á þetta mótorhjól fyrir utan hjá okkur?

Vá, en flottur hjálmur!

Hver á þetta, maður?

-Hann heitir Sófus, Brandur minn.

Hann er að heimsækja þig.

-Mig?

Hrossahlátur Þorgríms heyrir innan úr stofu:

- drekka spírann af kompásnum og sigla svo áttavitalausir í land í hriðinni. Sófus hlær líka:

-Stórkostleg saga, hvort sem hún er sönn eða login.

-Login auðvitað, segir Þorgrímur, og hlær ógurlega.

Brandur æðir inn í stofu:

-Átt þú mótorhjólíð?

-Já, svarar Sófus, -sástu það? 750 kúbik.

-Vá.

-Ég er eiginlega að heimsækja þig. Veistu það?

Hefurðu komið á mótorhjól?

-Nei.

-Værirðu til í smátúr á morgun,
þegar þú ert búinn í skólanum?

Aftan á hjá mér?

Eða ég keyri þig bara í skólann?

Þetta er svo langt að fara inn í þorp.

Brandur svarar ekki.

Sófus heldur áfram:

-Það held ég að verði nú upplit á lýðnum,
drengur, ef þú mætir á svæðið á mótorhjólí.

Ég kom með aukahjálmi handa þér.

Hvað segirðu?

.... Iss við getum ákveðið þetta í fyrramálið.

Nógur tími.

Afi þinn var að segja mér eina rosalega sögu
af sjónum. Það var venjan að skamma
kokkinn, ef illa gekk.

Ef menn voru í fýlu, sjómennirnir, þá var
rifist yfir hve maturinn væri vondur - -
jafnvel þótt maturinn væri góður.

Það er enn verið að hnýta í kokkinn.

Þorgrímur.

Þetta ætlar að loða við.

Að vísu ekki svona mergjað eins og þú varst
að segja mér.

Veistu, Brandur, að það er oft verið að gera
at í strákum þegar þeir byrja á sjónum.

Þeir eru sendir upp í brú með vatn í könnu
til að vökva kompásrósina.

Veistu hvað kompásrós er?

Það er munstrið á áttavitanum, gráðu- og
mínútu-strikaskiptingin, á áttavitanum sem
siglt er eftir svo skipstjórinn viti í hvaða átt
hann er að sigla, norður eða suður, austur
eða vestur.

Svo eru þeir sendir aftur á dekk til að draga inn sjólinuna,
og ofan í lest til að fóðra kjölsvínið.

Þú lætur nú ekki plata þig þegar þú byrjar á bátunum?

Já, þú athugar málið, -- þetta með smátúr á hjólinu á morgun.

8.

Daginn eftir er amma Dúa að undrast hve lengi Brandur er í skólanum. Hún er að tala svona við sjálfa sig, eða hugsa upp hátt, eins og það heitir:

-Nú, hvað er þetta? Klukkan bara að ganga fjögur og Brandur litli ekki kominn úr skólanum.

Ætli hann komi ekki við hjá ömmu Dúu í dag eins og hann er vanur, blessaður karlinn.

Hann er vanur að koma miklu fyrr en þetta.

Útidyrhurðinni hjá Dúu er skellt upp með miklum gauragangi.

-Ekki getur þetta verið blessað barnið, segir hún.

Steinn kemur inn. Hann er slompaður: -Hæ, momm! segir hann hátt.

Dúa verður orðlaus eitt andartak.

-Steinn?

Ert þú kominn?

-Já. Hæ.

-Jæja drengur minn, segir hún hljómlausri röddu.

-Svo þú ert kominn.

-Já. Ég er bara öskufullur.

-Æ, elsku besta

-Ég er ekki elsku besta neitt.

Ég er bara fullur.

Hvar er kallinn?

-Hann Jóhann, pabbi þinn er dáinn, Steinn.

Ég gat ekki látið þig vita, segir Dúa ásakandi. -Ég vissi ekki hvar þig var að finna.

Hann dó í hittiðfyrra.

Hann féll niður stiga.

-O, var hann á þí?

Ekkert svar.

-Það hlaut að koma að því, heldur Steinn áfram, -að hann dræpi sig í fylliríi.

Dúa dæsir.

-Komdu og fáðu þér í svanginn, góði, segir hún.

-Þú hlýtur að vera þreyttur og svangur.

Hvenær komstu?

Komstu með skipi til Reykjavíkur?

Hvernig hefurðu haft það?

Segðu mér fréttir, Steinn.

Hvað ætlastu nú fyrir?

-Dallurinn fer annað kvöld, svarar Steinn.

-Og þú með?

-Já, ég er að fara aftur. Fer á puttanum suður í kvöld.

Brandur opnar útidyrnar, kallar framan úr forstofu og er mikið niðri fyrir:

-Amma Dúa! Amma Dúa! Ég fór ámótor-hjóli í skólann!

-Hvað ertu að segja? segir Dúa. -Á mótör-
hjóli?

Þú kemur seint í dag, Brandur minn.

Varstu svona lengi í skólanum í dag?

Hún ávarpar Stein:

-Steinn, þetta er Brandur, sonur hennar
Kolgrímu.

Brandur starir á manninn sem situr þarna
heima hjá ömmu Dúu. Steinn. -- Amma
sagði Steinn.

-Ert þú...., segir Brandur, -ert þú Steinn?

Ert þú pabbi minn?

Ertu með svona skegg?

Mamma sagði mér það ekki.

Það verður þögn.

Dúa horfir ásakandi á son sinn.

Steinn áttar sig ekki.

Brandur heldur áfram: -Mamma á leyndar-
mál sem hún segir engum. Er það að þú ert
með svona skegg?

Pabbi, varstu á stóru skipi?

Ha?

Varstu á stóru skipi?

Steinn fær málið og stamar:

-Ha?

Ég?

Stóru?

Já,

ég er á stóru skipi.

-Mamma sagði að þú kæmir

þegar þú værir búinn að vera á sjónum.

Nú sé ég þig.

Þú ert ekki með skegg á myndinni sem
amma Dúa á.

-Steinn, segir Dúa, -dregurinn er alveg eins

og þú varst á þessum aldri.

Við höfum aldrei getað vitað hvar þú varst,
Steinn, aldrei getað skrifað þér.

Steinn hálfhlær:

-Æ, mamma, mamma. Pabbi kallinn
dauður,

og ég vissi ekki Ég var búinn að gleyma
þessu með hana Kolgrímu. Þetta var sko í
bríaríi.

--- Veðmál!

Ég var sko alveg búinn að gleyma þessu.

Hún var nú svo

-**Steinn**, segir Dúa, hvasst.

-Mamma sagði, segir Brandur, -að þú
myndir kyssa mig á kinnina þegar þú kæmir
af sjónum.

-Þú skalt bara kyssa pabba þinn á kinnina,
Brandur minn, segir Dúa loks.

-Afa skegg kitlar, þitt stingur, segir Brandur.

-Hver teiknaði svona konu á handlegginn á
þér?

-Sjáðu, segir Steinn, -hún dansar magadans
þegar ég hnykla vöðvana í handleggnum.

Sjáðu.

Brandur hlær.

Þegar Dúa er farin fram að hita kaffi, hvíslar
Brandur, alvarlegur á svip:

-Pabbi. Fórst þú alltaf í skólann þegar þú
varst lítill?

Ég meina sko alltaf?

-Í skólann? Ja, segir Steinn, -kannski ekki
sko alltaf, ha?

-Mamma fór alltaf í skólann, en afi Grímur
fór aldrei í skólann.

Hann segir að það sé allt of mikið af skólum.
Afi Grímur segir að menn eigi að vinna
--- fara á sjóinn og svoleiðis.
Fór Tarzan í skólann?
-Ferð þú ekki í skólann, spyr Steinn.
-Juuuuú, svarar Brandur dræmt. -Það eiga
sko allir í skólanum sjónvörp ...
-Ha? Sjónvörp í skólanum?
-.... með alls konar þáttum og svoleiðis, segir
Brandur dapur.
-Strákarnir spyrja hver annan: horfðir þú á
þáttinn í gær?
-Horfir þú oft á sjónvarpið?
-Stundum hér hjá ömmu Dúu.
Hún á ekki lit.
-Hva, af hverju ekki heima hjá þér?
-Við, - við, sko, eigum ekki.
Afi á ekkert sjónvarp.
-Nú? Af hverju ekki?
-Bara.
-En langar þig ekki til þess að eiga sjónvarp?
-Juuuú. Afi, hann, sko

-Það er sko alveg ómögulegt að þú eigir ekki
sjónvarp.
Eigum við ekki bara að kaupa sjónvarp?
Ha?
Það er sko minnsta mál.
Bara strax í dag.
-Ætlaðu í alvöru að kaupa sjónvarp?
-Já já já já, bara á stundinni.
Hvað viltu stórt? 22ja- tommu?
-Það er alveg sama ef þættirnir eru í því.
Dúa kemur inn í stofu.
-Jæja, segir hún, -hér kemur þá kaffið.
-Amma Dúa. Pabbi ætlar að kaupa sjónvarp
handa mér!

-Minnsta mál, segir Steinn.
-Það góða við sjóinn: Fullt af pening.
-Ertu ríkur? spyr Brandur.
-Langar þig í eitthvað fleira?
-Svona töffaraúlpu eins og strákarnir í skólanum eru í.
-Hvenær eru þær opnar þessar búðarholur í þessu Krummavíkurpleisi, ha?, spyr Steinn.

-Komdu strákur.
-Það er naumast ..., stamar Dúa.
-Hvað stendur eiginlega til?
-Bless, ammamínDúa.
Pabbi ætlar að kaupa sjónvarp!
-Bless mútta.
Dallurinn fer annað kvöld.
-Steinn, hvað ætlastu svo fyrir?
Ætlaðu ekki að kveðja mig áður en þú ferð?
-Ég er að því.
Bless mútta.
-Blessaður, góði minn.
Gangi þér vel í lífinu.
-Sömuleiðis mamma.
Bless.
-Bless bless, amma Dúa, segir Brandur um leið og þeir fara.

9.
Sófus ræðir við Kolgrímu.
Sendiferðabíll nálgast Þorgrímshús og stoppar fyrir utan.

-Það eru að koma gestir, segir Kolgríma --
hingað.

Brandur er með þeim.

Út úr bílnum stíga tveir menn sem snarast
upp á þak með sjónvarpsloftnet.

Augu Kolgrímu leiftra eitt andartak, er hún
stendur við gluggann: Brandur heldur bíl-
hurðinni opinni, Steinn bambrar sjónvarpi
út úr bílnum.

-Hver er þetta með Brandi, Kolgríma?, spyr
Sófus.

-Steinn, hvíslar Kolgríma, -þetta er Steinn.
Kominn.

Steinn er kominn.

Brandur æðir inn með fyrirgangi:

-Mamma! Mamma !

Pabbi kaupfi sjónvarp, mamma,

-- og töffaraúlpu.

-Hvar er skólataskan þín, Brandur minn?
spyr Kolgríma.

-Mamma, pabbi kaupfi sjónvarp!

-Keypti. Þú mátt ekki týna skólatöskunni
þinni, vinur.

-Karlarnir eru að fara upp á þak með
loftnetið, mamma.

Frammi í forstofu stendur Steinn með sjón-
varpið í fanginu.

-Sæll Steinn, segir Kolgríma. -Ertu kominn?

Nú gat ekki hjá því farið að Þorgrímur heyrði
undirganginn á þakinu, enda tveir menn að
láta upp loftnet.

Þorgrímur sér Sófus: -Þú hér enn.

Farðu þarna út, drengdjöfull og rektu
strákaormana ofan.

-Ég held bara, Þorgrímur, byrjar Sófus,

-Afi, sjáðu! Sjónvarp!, kallar Brandur. -22ja-
tömmu, lit!

Það sýður á Þorgrími.

Í forstofunni stendur grannur maður með
dálitið skegg og sjónvarp og er að þynnast
upp.

-Steinn er kominn, segir Kolgríma.

-Hvaða andskotans Steinn? öskrar

Þorgrímur.

-Ég læt ekkert koma með neitt svona djöfuls
drasl inn til mín!

Ég er ekkert á sveitinni.

Út með þetta.

Sófus reynir að segja Þorgrími að Brandur
litli eigi víst þetta sjónvarp -- hann hafi nú
kannski gaman af því -- og það geti nú verið
einn og einn góður þáttur

-Það getur verið í mínu kamesi, segir
Kolgríma.

Móðir Kolgrímu tekur nú á sig rögg -- einsog
venjulega þegar Þorgrímur er að missa
stjórn á sér. Það gerir hún alltaf áður en allt
fer í hönk.

Hún lætur bera sjónvarpið inn í stofu og
segir Þorgrími að nú sé nóg komið.

Þorgrímur titrar af bræði og þrumar:

-Ég ræð því hvað hér kemur inn.

Ég ræð í mínum húsum!

Kona Þorgríms hefur fyrr þurft á sínum
myndugleik að halda.

Þorgrímur rymur af vonsku.

Steinn gerir sig líklegan til að fara, enda
verður hann feginn að sleppa út.

-Ertu að fara, Steinn? spyr Kolgríma.

-Já, svarar hann.

-Ég rata út.

-Ég fylgi þér til dyra, Steinn.

Brandur minn, ertu búinn það þakka þakka þínum fyrir?

Steinn,

ég hef engum sagt leyndarmálið.

Steinn skilur ekki það sem Kolgríma segir.

Segir já úti hött.

Steinn fer.

Kolgríma ljómar af hamingju.

Horfir á eftir honum.

Mennirnir eru enn að koma loftnetinu fyrir,
og eiga eftir að tengja sjónvarpið.

Inni í stofu er Sófus að reyna að sannfæra
Þorgrím um að einn og einn þáttur um
sjávarútveg geti verið þess virði að líta á
-- og svo fréttir og veðurkort.

Fyrir utan er mótorhjól sett í gang.

Sófus hættir í miðri setningu. -- Lykillinn
var í hjálminum á forstofugólfinu.

Sófus hleypur fram.

Mótorhjólinu er ekið brott.

-Hvar er síminn? spyr Sófus í ofboði.

-Get ég fengið að hringja?

-Það er enginn sími hér, segir móðir
Kolgrímu.

-Þú getur fengið að hringja í Tungu, stóra
húsinu þarna uppfrá.

Þorgrímur hlær hrossahlátri:

-Ég hef alltaf sagt að Jóhann svarti átti

aldrei að notast til undaneldis;
Sami skíturinn og helvítis kallinn þessi
drengdjöfull.
Og lítur út alveg eins og hann í þokkabót.

Brandur lítur á Sófus:
-Fékk pabbi lánað mótórhjólið þitt?

Sögurnar fást á Amazon
frejukettir@mmedia.is Norræn menning

- myndasögur og lestraræfingar:

Hannesar saga Grásteins (20 bækur)

Apakríli, algjör dúlla!! Hvar voru hrossin í hríðinni?

Hnallur og Spói Hrekkjusvín og ljósastaurar

Palli og englabjallan Tíkin Tóa og grey litli Krúsi

Sigga og hafragrauturinn Mummi

Hver er hann þessi Jakob? Draumahúsið

Tóta og þau Hrif

Jónki fór í réttirnar.... Bína brúða

Búi skreytir jólatré Flugan

Hagbarður og Hvutti

TAK-sögurnar -geimveran TAK- 30 sögur
--barn semur handa börnum--

- barna- og unglingsögur:

Halla
Japl, jaml og fuður

- smásögur:

Saga Svaðilfara IN MEMORIAM
Sál bróður, steinbitsbróður Tröllabarn
Hreggnótt Í mjúku myrkri þúa draumarnir
Dívan skáldsins Vaknaðu, Lóa! Vaknaðu!
Ég, hið silfraða sjal Þetta er mitt hús
Melana, drottning frumskógarins Au-pair
Dagdraumar og sorgarband Leyniþræðir
Huginn Jöruson, hornungur Bóna minn hálfan
Drottinn blessi heimilið 1000 stjórnur
-Fylgir þessu hiti, eru verkir með þessu, mamma?

- fræðsluefni, norræn menning

Óðsmál in fornu (2009)
Valhallar Óðsmál in gullnu (2010)
Óðsmál (1996)
Skirnismál, helgileikar (handrit handa börnum)
Rakni og Þögn - KLUKK (leikir barna efnisyfirlit)
Óðsmál in fáðu (streymi VHS DVD)


Guðrún Kristín Magnúsdóttir verðlaunahöfundur

...svo bjó hún til litlar sögur. -- . Og ljóð..

Kolgríma,



svo góð,



..svo saklaus

ISBN 978-9979-895-10-7